

Nr. 41.
16.
nóvbr.

Lög

um

gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Enginn má reka vindlagjörð nje tilbúning á bitterum, hveffrar tegundar sem er, til sölu, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs.

Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindlagjörð eða bittergjörð, þar á meðal lyfsala, sem búa til og selja bitter án læknisforskriftar.

2. gr.

Fyrir hvert pund af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru búnir til hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eptir tollögum þeim, er í hvert sinn gilda. — Fyrir hvern pela af bittervökva (bitteressens, elexír o. þvl.) eða pott af bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, skal greiða í landssjóð gjald, er samsvari tveim þriðju af aðflutningsgjaldi því, sem greiða ber af vörutegundum þessum samkvæmt tollögum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Af birgðum þeim, er fyrir liggja af innlendum vindlum og bitterum, þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, er slíkan varning hefur til sölu, senda lögreglustjóra sínum, innan viku, drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefur, og greiði jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugjörðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði.

Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugjörð um vörugjörðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir, til að tryggja gjaldheimtu af þeim.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18, September 1891.

Lov

om

Nr. 41.
16.
Novbr.

Beskatning af indenlandsk Cigarfabrikation samt Tillavning af Bitter.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ingen maa fabrikere Cigarer eller tillave Bitter, af hvilken som helst Slags, til Forhandling, med mindre han hos Politimesteren, hvor Fabrikationen finder Sted, dertil har løst Bevilling. For saadan Bevilling erlægges en Kendelse af 100 Kr. til vedkommende Købstads eller Kommunes Kasse.

Denne Bestemmelse gælder ogsaa for deres vedkommende, der nu drive Fabrikation af Cigarer eller Tillavning af Bitter, deriblandt for Apotekerne, der tillave Bitter til Salg uden Recept.

§ 2.

For hvert Pund af Cigarer eller Cigaretter, der fabrikeres her i Landet, erlægges en Afgift til Landskassen, der beløber sig til Halvdelen af det Beløb, som ifølge de til enhver Tid gældende Toldlove erlægges for et hertil Landet indført Pund Cigarer eller Cigaretter. — For hver Pægl Bitter (Bitteressens, Elixir o. desl.) samt for hver Pot af Bitterkompositioner, som ere bestemte til at nydes ublandede, erlægges til Landskassen en Afgift, der beløber sig til tre Fjerdedele af den Indførselsafgift, der ifølge Toldloven skal erlægges af disse Varesorter.

§ 3.

Producenten erlægger Afgiften til vedkommende Politimester inden den producerede Varesort er afhændet, solgt eller sendt i Kommission. Af de ved Lovens Ikrafttræden foreliggende Beholdninger skal der ogsaa svares Afgift, hvorfor enhver, som har denne Slags Varer til Forhandling, senest inden en Uge efter at denne Lov er traadt i Kraft, har at sende vedkommende Politimester en Erklæring paa Tro og Love om, hvor stor en Beholdning han har, samt erlægge Afgiften samtidig.

§ 4.

Fabrikanter maa ikke sælge de i denne Lov omhandlede Varer i mindre Partier end for 25 Kr.

Løvrigt fastsætter Ministeriet i et Reglement Regler om Fabrikationen og Varenes Forhandling og Salg, for saa vidt det maatte anses for nødvendigt for at betrygge Oppebørselen.

Nr. 41. Lov af 17. November om Beskatning af indenlandsk Cigarfabrikation samt Tillavning af Bitter.

Nr. 41.
16.
nóvbr.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varðar sektum, allt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugjörðinni.

Nú verður vörugjörðarmaður uppvís að því af hafa sagt rangt til um vörugjörð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefur, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefur reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samvizkuvottorð vörugjörðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum.

Sjeu rjett skil ekki gjörð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gjöra á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lög-
reglumál.

Hegningarsektir allar renna í landssjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eptir lögum þessum, skal lögreglustjóri gjöra reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reiknings-
skil. Af upphæð gjaldanna fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 5.

Overtrædelser af Bestemmelserne i §§ 1, 3 og 4, saavel som Overtrædelser af det af Ministeriet ifølge § 4 fastsatte Reglement, medføre en Bøde af indtil 500 Kr.. Ministeriet kan, foruden Straffebøder, belægge Overtrædelser af Reglementet med Dagmulkter.

Findes Fabrikanten at have gjort urigtig Angivelse om sin Produktion eller Beholdning, eller hvis vedkommende sælger af Lageret uden samtidig at erlægge Afgiften, bliver den skyldige at straffe med Bøder fra 100—1000 Kr., og bøder desuden det Afgiftsbeløb tredobbelt, hvis Erlæggelse han har forsøgt at unddrage sig. Oppebørselsbetjenten kan af Fabrikanten fordre en Erklæring paa Tro og Love om dennes Opgivelse.

§ 6.

De efter denne Lov afgiftspligtige Varer hæfte saavel for Afgiftens som for Bødernes Erlæggelse.

Saafrømt Afgift eller Bøder ikke berigtiges i rette Tid, er Politimesteren berettiget til at realisere den Beholdning, som forefindes uden forudgaaet Udpantning eller Udlæg til Dækning af Afgift og Bøder. Realisationen bør foregaa ved en med en Uges Varsel bekendtgjort Auktion, hvor Politimesteren kan forlange Betaling ved Hammerslaget. Kan der ikke faas fat paa den Vare, hvoraf Afgiften skulde svares, kan der uden forudgaaet Forkyndelse gøres Udpantning for Afgift og Bøder i vedkommendes andre Ejendele.

§ 7.

Sager i Anledning af Overtrædelser af nærværende Lov behandles som offentlige Politisager.

Alle Straffebøder tilfalde Landskassen. Dog faar den, der ved sin Anmeldelse har givet Anledning til, af Unddragelse af Afgiftserlæggelse bliver opdaget, den ene Halvdel af Bøden.

§ 8.

For Oppebørselen af Afgifter og Bøder efter denne Lov aflægger Politimesteren Regnskab i Overensstemmelse med de Regler, som nu gælde eller senere maatte blive fastsatte for Aflæggelse af Regnskab for offentlige Oppebørsler. Af Afgiftens Beløb erholder Politimesteren 2 pCt. som Oppebørselsgebyr.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.